

10.febrúar 2020

**Ágæti sveitarstjóri / bæjarstjóri.**

Húsbyggingasjóður Landssamtakanna Þroskahjálpar hefur verið starfræktur í rúm 30 ár. Sjóðurinn hefur þann tilgang að greiða fyrir því að fatlað fólk hafi aðgang að góðu húsnæði við góðar aðstæður á viðráðanlegu verði. Þetta er gert í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Sjóðurinn á nú u.þ.b. 80 íbúðir í 10 sveitarfélögum sem leigðar eru fötluðu fólki og hafin er bygging á 5 íbúða kjarna á Akranesi og fyrirhugað er sambærileg framkvæmd í Hafnarfirði.

Húsbyggingasjóður hefur haft það sem meginreglu að hafa jafnan eitt slíkt verkefni í gangi og undirbúa samhlíða því næsta verkefni. Fyrirhugað að halda þeirri framkvæmd áfram.

Um síðastliðin áramót var lögum um almennar íbúðir breytt þannig að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) er nú heimilt að gera samkomulag við umsækjendur um stofnframlög, sem áður hafa fengið úthlutað stofnframlagi frá ríki og sveitarfélagi, um úthlutun stofnframlaga til allt að þriggja ára í senn. Skal slíkt samkomulag byggjast á tímasettri framkvæmdaáætlun um byggingu íbúða af hálfu viðkomandi aðila.

Húsbyggingasjóður Landssamtakanna Þroskahjálpar uppfyllir þau lagaskilyrði sem hér um ræðir.

Stjórn Húsbyggingasjóðs ákvað á fundi sínum þann 23. janúar sl. að fela formanni og framkvæmdastjóra sjóðsins að kanna hvort vilji sé hjá sveitarfélögum að eiga samstarf við sjóðinn um uppbyggingu húsnæðis samkvæmt þessu fyrirkomulagi.

Hér með er óskað eftir því að þau sveitarfélög sem óska eftir viðræðum við sjóðinn um hugsanlega aðkomu hans að uppbyggingu á hentugu húsnæði fyrir fatlað fólk í sveitarfélaginu á árabílinu 2021-2025 hafi samband við undirritaða.

Það skal ítrekað að hér er aðeins um könnun á hugsanlegu samstarfi um verkefni sjóðsins til næstu ára að ræða og stjórn Húsbyggingasjóðs áskilur sér allan rétt til til að meta og ákveða hvort forsendur eru til samstarfs við einstök sveitarfélög. Hér er því einungis um könnun á áhuga að ræða og er engin skuldbinding í því fólgin af hálfu sjóðsins né heldur þeirra sveitarfélaga sem kunna að hafa áhuga á að skoða möguleika á samstarfi við sjóðinn.

Vinsamlegast hafið samband ekki síðar en 2. mars 2020 á tölvupóstfangið [arnimuli@throskahjalp.is](mailto:arnimuli@throskahjalp.is) eða [fridrik@throskahjalp.is](mailto:fridrik@throskahjalp.is).

Með kveðju,

f.h. húsbyggingasjóðs Landssamtakanna Þroskahjálpar

Friðrik Sigurðsson, formaður húsbyggingasjóðs

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar